

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Peter Máté
píanóleikari



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 31. ágúst 1993 kl 20:30

Efnisskrá

Peter Máté er fæddur árið 1962 í Roznava í Tékkóslóvakíu. Hann stundaði nám við Tónmenntaskólann í Kosice og þegar hann útskrifaðist, tvítugur að aldri, hafði hann þegar unnið til nokkurra verðlauna í landi sínu. Má þar nefna verðlaun tónmenntaskólanna í Slóvakíu 1979 og 1981 og Smetana píanókeppnina 1978 og 1980.

Peter stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Prag undir leiðsögn hins virta tékkneska listamanns Valentina Kameníková og hélt áfram þáttöku í píanókeppnum innan lands sem utan. Hann vakti þó fyrst verulega athygli þegar hann hlaut verðlaun gagnrýnenda á Listahátið ungmenna í Trencianske Teplice árið 1982. Hann vann fyrstu verðlaun í píanókeppni menntamálaráðuneytisins í Slóvakíu árið 1985, önnur verðlaun í alþjóðlegu píanókeppninni í Vercelli árið 1986 og árið 1989 vann hann þriðju verðlaun í alþjóðlegu píanókeppninni í Enna á Ítalíu.

Hann hefur haldið tónleika víða um Evrópu og komið fram sem einleikari meðal annars með Ríkishljómsveitinni í Kosice, Fílharmóníuhljómsveitunum í Slóvakíu og Mórvári, Sinfóníuhljómsveitinni í Prag, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Að námi loknu kenndi Peter Máté við Tónmenntaskólann í Kosice en hann hefur starfað á Íslandi frá árinu 1990.

Claude Debussy

L'isle joyeuse (Gleðieyjan)

Leos Janácek

Sónata 1.X. 1905

Fyrirboði - Dauði

Bohuslav Martinu

Tveir tékkneskir dansar

Obkrocák

Polka

Sergei Rachmaninov

Prelídium í gís moll op. 32 nr. 12

Franz Liszt

Liebestraum (Ástardraumur) nr. 3

Frédéric Chopin

Impromptu í As dúr op. 29

Scherzo í b moll op. 31

Nocturne í Es dúr op 9. nr. 2

Polonaise í As dúr op. 53